

## Guðspjall

Ég leit eina lilju í holti,  
Hún lifði hjá steinum á mel.  
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.  
En blettinn sinn prýddi hún vel.  
Ég veit það er úti um engin  
mörg önnur sem glitrar og skín.  
Ég þræti ekki um litinn né ljómann.  
En liljan í holtinu er mín.

Og þó að í vindunum visni  
á völlum og engjum hvert blóm,  
og haustvindar blási um heiðar  
með hörðum og deydandi róm,  
og veturinn komi með kulda  
og klaka og hríðar og snjó,  
hún lifir í hug mér sú lilja  
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Norskt lag / Skarphéiður Gunnlaugsdóttir / Þorsteinn Gíslason

## Minningarorð

### Minn bátur

Björn Eidsvåg og Halldór Hallgrímsson

## Bæn - Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín,  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín, Guð leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt, sem miður fer,  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú, æ Drottinn minn.

Hohn Farar, Bruce Welch / Pétur Þórarinsson

## Moldun

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á slétri grund  
fagurt með frjógungun hreina  
fyrst um dags morgunstud,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf manlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

## Blessun

## Eftirspil

Ljósín á ströndu skína skær  
skipið það færast nær og nær  
og þessi sjóferð endi fær.  
Ég búinn er að puða og púla  
pokann að hífa og dekkinn spúla.  
Reifur ég stend í stafni hér  
strax og að landi komið er  
bý ég mig upp og burt ég fer.

Ég fer í frið

Óþolinmæðin í mér býr,  
áður en rennur dagur nýr  
skal ég mér eiga ævintýr.  
Ég fer á ball og drekk og dansa,  
mér dembi út í stelpufansa.  
Hafgúuvæl og vindagnótt,  
voru mín tónlist hverja nótt  
nú skal það breytast býsna fljótt.

Ég fer í frið

Ljósín á ströndu skína skær  
skipið það færast nær og nær  
og mér í brjósti hugur hlær.  
Allt sem ég þrái upp þau fylla  
og mína löngun magna og trylla.  
Lengi ég beið og loksins er  
lagt þetta allt að fótum mér  
ég má þess njóta nú og hér.

Ég fer í frið

Toto Cutugno / Þórunn Steinsdóttir

Fjölskylda Jónasar þakkar auðsýnda samúð og vinarhug  
og býður viðstöddum að þiggja veitingar  
í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni.

Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Einsöngur: Halldór Hallgrímsson

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Kór: Félagar úr kirkjukór Akraneskirky

Umsjón útfarar: Borg útfararþjónusta

Linkur á minningarsíðu Jónasar á minningar.is  
<https://minningar.is/memories/jonas-bragi-hallgrimsson-1949-2024>

Sálmaskrá: Leturstofan



## Jónas Bragi Hallgrímsson

f. 5. júlí 1949 - d. 1. febrúar 2024

Útför frá Akraneskirky  
föstudaginn 16. febrúar 2024

## Forspil

Ave María  
Sigvaldi Kaldalóns

## Bæn

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn  
því nú er nótt og harla langt er heim.  
Ó, hjálpín mín,  
styð þú minn fót, þótt fetin nái skammt  
ég feginn verð ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart en birtan þvarr og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið  
uns fárað öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báur, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá sem barn ég þekkti fyrr.

John H. Newman / Matthías Jochumsson  
L. Charles H. Purday

## Ritningarlestur

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphæðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
vegmóður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddi minn steinn,  
heilög skal heimvön mín.  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Matthías Jochumsson

## Ritningarlestur

Í fjarlægð

Karl O. Runólfsson / Valdimar H. Hallstað / Karl O. Runólfsson

